

Yfirlit frjómælinga á Akureyri sumarið 2019

Á Akureyri hófust frjómælingar 25. mars og stóðu þær yfir til 30. september, samtals í 190 daga. Mælingar gengu vel allt tímabilið.

Frjókorn mældust frá 25 frjó- og grashópum (1. tafla). Heildarfjöldi frjókorna var 4.945 frjó/m³ sem er töluvert meira en mælst hefur að meðaltali á Akureyri (2.tafla). Af þeim voru 2.919 grasfrjó (59%), 780 birkifrjó (16%), 331 asparfrjó (7%) og 90 súrufrjó (2%). Frjókorn ýmissa tegunda sem jafnan ber lítið á voru 825 (17%). Af þeim var víðir með 2,6% frjókorna. Langalgengast var að hver hópur væri um eða undir 1%.

Fyrsta frjókornið var elrifrjó sem kom í gildruna 25. mars. Í apríl voru asparfrjó algengust með frjótöluna 313 frjó/m³.

Asparfrjó voru nær samfelld í lofti 23. apríl til 2. maí en stopult eftir það. Heldur fleiri asparfrjó mældust sumarið 2019 en 2018, alls 331 frjó/m³, og voru þau auk þess tveimur vikum fyrr á ferðinni. Hámark asparfrjóa var 27. apríl (91 frjó/m³).

Birkifrjó mældust aðeins yfir meðallagi. Heildarfjöldinn fór í 780 frjó/m³ en meðaltal áráanna

1. tafla. Frjó- og grógerðir á Akureyri sumarið 2019, raðað eftir fjölda.

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Fjöldi frjó./m ³
Gras	Poaceae	2919
Birki	<i>Betula</i>	780
Ösp	<i>Populus</i>	331
Víðir	<i>Salix</i>	130
Túnúra o.fl.	<i>Rumex</i>	90
Sveipjurtaætt	Umbelliferae	61
Rósaætt	Rosaceae	57
Fura/Greni	Pinaceae	56
Lyng	Ericales	52
Stör	<i>Carex</i>	41
Netla	<i>Urtica</i>	37
Elfting	<i>Equisetum</i>	27
Yllir	<i>Sambucus</i>	22
Elri (ölur)	<i>Alnus</i>	15
Einir	<i>Juniperus</i>	13
Fifill	Compositae Cichorideae	10
Maðra	<i>Galium</i>	7
Mjaðjurt	<i>Filipendula</i>	6
Sóley	<i>Ranunculus</i>	6
Sefætt	Juncaceae	4
Kattartunga o.fl.	<i>Plantago</i>	3
Körfublómm	<i>Aster</i>	3
Lerki	<i>Larix</i>	2
Belgjurtir	Leguminosae	2
Brjóstagras	<i>Thalictrum</i>	1
Óþekkt/ógreind	incognito	270


1998–2018 er 674 frjó/m³. Þau mældust nær samfelld í lofti frá 2. maí til 16. júní. Birkifrjóin voru mun fyrr á ferðinni sumarið 2019 en 2018 og mældust að auki yfir lengra tímabil. Hámark birkifrjóa var 15. maí (80 frjó/m³). Eins og á höfuðborgarsvæðinu bárust erlend birkifrjó með sterkum aust-suð-austan vindum frá Evrópu þann 25. apríl. Þar sem það gerðist frekar seint er erfitt að segja til um með vissu hvenær íslensku frjókornin byrjuðu að mælast en birkifrjóin sem mældust 25.–26. apríl voru 219 talsins.

Grasfrjó hafa tvisvar mælst fleiri síðan mælingar hófust. Heildarfjöldi var 2.919 frjó/m³ en meðaltal áráanna 1998–2018 er 1.760 frjó/m³. Fyrsta grasfrjóid mældist 24. apríl en síðan kom ekkert fyrr en 26. maí. Eftir 5. júní voru þau nær sleitulaust í lofti til 30. september.

2. tafla. Fjöldi frjókorna á Akureyri sumarið 2019 og meðaltal áráanna 1998–2018.

Mánuður	2019	Meðaltal
Mars	8	
Apríl	681	36
Maí	680	498
Júní	546	703
Júlí	1.334	896
Ágúst	1.478	927
September	218	175
Samtals	4.945	3.236





1. mynd. Heildarfrjómagnt og skipting í helstu frjógerðir á Akureyri 1998–2019.

Mest var um grasfrjó í ágúst eða 1.400 frjó/m³. Í júní mældust 180 frjó/m³, 1.139 frjó/m³ í júlí og 197 frjó/m³ í september. Fimmtudaginn 1. ágúst voru flest grasfrjókorn í lofti eða 628 frjó/m³. Á sex dögum, 28. júlí til 2. ágúst mældust 1.530 frjó/m³ eða rúm 52% allra grasfrjóa sumarsins. Þetta sumar fór frjóttalan sex sinnum yfir 100 og fimm sinnum yfir 50.

Súrufrjó mældust fyrst 1. júní og var heildartala þeirra 90 frjó/m³. Frjóttalan fór hæst í 6 frjó/m³ dagana 26.–27. júní. Meðaltal súrufrjóa fyrir árin 1998–2018 er 64 frjó/m³.

Sumarið 2019 á Akureyri var yfir meðallagi bæði hvað heildarfrjómagnt varðar og einnig frjómagnt helstu frjógerða. Mest mældist af grasfrjóum (59%).

Frjóríkasti mánuður sumarsins var ágúst með 1.478 frjó/m³ loftis en júlí mánuður með aðeins minna. September reyndist sá rýrasti, fyrir utan mars, með 218 frjó/m³. Í öllum mánuðum nema júní mældust frjókorn yfir meðaltali (2. tafla). Athygli vekur mikið frjómagnt í apríl en það er vegna fjölda asparfrjóa sem voru frekar snemma á ferðinni í ár, auk erlendu birkifrjókornanna.

Hæsta samanlögð frjóttala mældist 1. ágúst (633 frjó/m³) en þann dag voru grasfrjó í hámarki. Frjókorn voru í lofti alla daga frá 22. apríl til 30. september, nema sex. Að meðaltali voru 26 frjókorn í hverjum rúmmetra andrúmslofti á Akureyri og er það heldur meira en í meðalári (20).

Samkvæmt yfirlitum Veðurstofu Íslands var meðalhiti á Akureyri rétt undir meðallagi síðustu tíu ára og úrkoman var töluvert yfir meðallagi. Samt var heildarfrjómagnt sumarsins í hærri kantinum eða 4.945 frjó/m³.

